


# Árshlutareikningur 30.06.2016

Kynning fyrir fjárfesta

31. ágúst 2016

Arion banki

# ARION BANKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

### Viðskiptabanki

- ~ 30% markaðshlutdeild
- Stærsti lánveitandi íbúðalána á eftir Íbúðalánasjóði
- Fjölbreytt fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki
- Áhersla á hraðþjónustu – app og netbanka

### Eignastýring

- Í forystu á sviði eignastýringar
- Eignir í stýringu nærri jafn miklar og efnahagur bankans
- Þjónustar fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga

### Fjárfestingarbanki

- Alhliða fjárfestingarbankaþjónusta
- Leiðandi í markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf
- Umsjón með öllum kauphallarskráningum ársins 2015 á Íslandi

### Fyrirtækjabanki

- Þjónustar mörg af stærstu fyrirtækjum landsins
- Veitir sérsniðna þjónustu að þörfum viðskiptavina
- Lánveitingar til erlendra fyrirtækja í sjávarútvegi og tengdum greinum

# DÓTTURFÉLÖG GEGNA MIKILVÆGU HLUTVERKI

## ARION BANKI VEITIR ALHLIÐA FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

### VALITOR

- Leiðandi á sviði færsluhirðingar og kortaútgáfu
- Með starfsemi á Íslandi, í Danmörku og í Bretlandi
- Hluti af VISA Europe og MasterCard International

### okkar

- Leiðandi á sviði líftrygginga
- Áhersla á einstaklings-miðaða þjónustu
- Samstarf á sviði sölumála við Arion banka

### STEFNIR

- Stærsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins
- Þjónustar einstaklinga og fagfjárfesta
- Stýrir fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóða

### vörður

- Vörður er fjórða stærsta skaða-tryggingafélag landsins með ríflega 10% markaðshlutdeild
- Arion banki hefur komist að samkomulagi um kaup á öllu hlutafé í félaginu
- Kaupin eru háð samþykki eftirlits-aðila á Íslandi

# HELSTU ATBURÐIR FYRRI HLUTA ÁRS 2016

## AÐSTÆÐUR Á MÖRKUÐUM SETJA MARK SITT Á UPPGJÖRIÐ

### Auknar lánveitingar til fyrirtækja

- Vaxtatekjur aukast umtalsvert vegna hærra vaxastigs og aukinna vaxtaberandi eigna
- Lánveitingar til fyrirtækja aukast um 8% og eftirspurn eftir lánum er umtalsverð
- Sala Valitor á hlut félagsins í Visa Europe Ltd. til Visa Inc. hefur jákvæð áhrif á uppgjör bankans
- Óhagstæð þróun á verðbréfamörkuðum hefur áhrif á rekstrarniðurstöðu
- Þóknanatekjur dragast saman, einkum vegna færri skráninga í kauphöll
- Aukinn launakostnaður vegna kjarasamninga og fjölgunar starfsfólks, bæði hjá dótturfélögum og bankanum
- Arion banki valinn besti fjárfestingarbankinn á Íslandi árið 2016 af fjármálatímaritinu Euromoney

### Önnur stóra skuldabréfaútgáfan í evrum

- Í apríl fór fram önnur skuldabréfaútgáfa bankans í evrum til breiðs hóps fjárfesta að fjárhæð 300 millj. evra, sem samsvarar um 42 milljörðum króna
- Greiddur var fyrirfram 31 milljarður króna inn á skuldabréfaútgáfu bankans í eigu Kaupþings frá því í janúar. Útgáfan var í USD að andvirði 97 milljarða króna og var liður í að liðka fyrir afnámi gjaldeyrishafta
- Útgáfa sértryggðra skuldabréfa á tímabilinu nam 15,3 milljörðum króna
- Standard & Poor's breytti í janúar horfum á BBB- lánshæfiseinkunn úr stöðugum í jákvæðar

EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2016

STANDARD & POOR'S RATINGS SERVICES
McGRAW HILL FINANCIAL



Arion banki – fyrir framtíðina

# HELSTU ATBURÐIR FYRRI HLUTA ÁRS 2016

## NÝTT ÚTIBÚ Í FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR – GÓÐ ÞJÓNUSTA VIÐ FERÐAMENN

### Nýtt útibú á Keflavíkurflugvelli

- Útibú opnað í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þar sem áhersla er á gjaldeyrisþjónustu og þjónustu vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts
- Þrjár afgreiðslur eru í flugstöðinni og 13 hraðbankar

### Breytingar í framkvæmdastjórn og á skipuriti

- Rakel Óttarsdóttir er framkvæmdastjóri nýs sviðs innan bankans, upplýsingatæknisviðs, sem áður var hluti af rekstrarsviði
- Iða Brá Benediktsdóttir tók við sem framkvæmda-stjóri fjárfestingarbankasviðs í febrúar

The Banker
Bank of the Year 2015
ICELAND

### Vörur og þjónusta

- Viðskiptavinir bankans hafa fengið nýtt debetkort með snertilausri tækni – Visa Debit
- Nýtt gjaldeyriskort kynnt til leiks fyrir erlenda ferðamenn – fyrirframgreitt alþjóðlegt VISA greiðslukort
- Ný og fljótleg leið til að stofna til viðskipta við Arion banka í gegnum netið kynnt






Arion banki
– fyrir framtíðina

# HELSTU ATBURÐIR FYRRI HLUTA ÁRS 2016

## STUÐNINGUR VIÐ FRUMKVÖÐLA Á ÖLLUM STIGUM

### Startup Reykjavík besti viðskiptahraðallinn

- Startup Reykjavík fór fram í fimmta sinn í sumar
- Tíu fyrirtæki voru valin til þátttöku af þeim tæplega 250 sem sóttu um
- Startup Reykjavík fékk viðurkenningu frá Nordic Startup Awards sem besti viðskiptahraðallinn á Íslandi 2016
- Fyrirtæki sem hafa farið í gegnum Startup Reykjavík og Startup Energy Reykjavík hafa safnað 2,4 milljörðum króna í styrki og hlutafé

NORDIC STARTUP AWARDS

Startup Reykjavík
Arion banki
Klak Innovit

### Stutt við unga frumkvöðla

- Samstarfssamningur gerður við Unga frumkvöðla á Íslandi, Junior Achievement (JA)
- JA samtökin standa fyrir nýsköpunarátaki fyrir framhaldsskólanema í stofnun og rekstri fyrirtækja. Val á besta nemendafyrirtækinu fór fram í Arion banka
- Sérstakur fjármáladagur var haldinn í Arion banka í tengslum við Nýsköpunarkeppni grunnskólanna þar sem Arion banki er aðalstyrktarðili

### Fin Tech Partý

- Fintech partý Arion banka var haldið þar sem 11 teymi tóku þátt. Teymin sátu við í 30 klukkustundir og forrituðu fjármálalausnir

# LYKILTÖLUR 6M 2016

| Rekstur | Fjárhagur | Starfsemi | Gæði eigna |
|---|---|---|---|
| Hagnaður<br>9.759 m.kr.<br>6M 2015:<br>19.326 m. kr. | Eiginfjár-þáttur A<br>26,8%<br>31.12.2015:<br>23,4% | Kostnaðar-hlutfall<br>56,1%<br>6M 2015:<br>36,5% | Vandræðalán<br>1,9%<br>31.12.2015:<br>2,5% |
| Arðsemi eigin fjár<br>9,5%<br>6M 2015:<br>22,8% | Vogunar-hlutfall<br>18,1%<br>31.12.2015:<br>16,7% | Starfsmenn<br>1.199<br>31.12.2015:<br>1.147 | Íbúðalán / Heildar útlán<br>38,1%<br>31.12.2015:<br>39,4% |



# REKSTRARREIKNINGUR

Arion banki

# REKSTRARREIKNINGUR

Fjárhæðir í milljónum króna

## JÁKVÆÐ VIRÐISBREYTING Á ÚTLÁNUM TIL VIÐSKIPTAVINA

- Aukning í hreinum vaxtatekjum vegna stærra lánasafns og aukinna vaxtaberandi eigna
- Lækkun í hreinum þóknanatekjum, einkum vegna minni umsvifa á fjárfestingarbankasviði í samanburði við sama tímabil 2015
- Hreinar fjármunatekjur lækka þar sem fyrstu 6 mánuðir 2015 voru óvenju góðir. Hagnaður vegna sölu á Visa Europe en tap vegna skráðra hlutabréfa og myntgengismunar
- Laun og annar rekstrarkostnaður hafa hækkað um 17% samanborið við fyrstu 6 mánuði 2015 einkum vegna nýrra kjarasamninga og fjölgunar starfsmanna

| | 6 mán. '16 | 6 mán. '15 | Breyt. | 2F 2016 | 1F 2016 | Breyt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hreinar vaxtatekjur | 14.626 | 13.175 | 11% | 7.353 | 7.273 | 1% |
| Hreinar þóknanatekjur | 6.747 | 7.434 | (9%) | 3.528 | 3.219 | 10% |
| Hreinar fjármunatekjur | 3.495 | 9.723 | (64%) | 3.796 | (301) | - |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaga | 694 | 4.217 | (84%) | 17 | 677 | (97%) |
| Aðrar rekstrartekjur | 1.861 | 1.523 | 22% | 626 | 1.235 | (49%) |
| **Rekstrartekjur** | **27.423** | **36.072** | **(24%)** | **15.320** | **12.103** | **27%** |
| Laun og launatengd gjöld | (8.426) | (7.167) | 18% | (4.318) | (4.108) | 5% |
| Annar rekstrarkostnaður | (6.970) | (6.004) | 16% | (3.736) | (3.234) | 16% |
| Bankaskattur | (1.485) | (1.389) | 7% | (743) | (742) | 0% |
| Hrein virðisbreyting | 945 | (81) | - | 1.448 | (503) | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **11.487** | **21.431** | **(46%)** | **7.971** | **3.516** | **127%** |
| Tekjuskattur | (2.091) | (2.367) | (12%) | (1.354) | (737) | 84% |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatt | 363 | 262 | 39% | 259 | 104 | 149% |
| **Hagnaður tímabilsins** | **9.759** | **19.326** | **(50%)** | **6.876** | **2.883** | **139%** |



Arion banki – fyrir framtíðina

# HREINAR VAXTATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## VAXTABERANDI EIGNIR AUKAST

- Bæði vaxtatekjur og vaxtagjöld hækka frá 1F, einkum vegna hærri verðbólgu á 2F
- Vaxtaberandi eignir hækka um 41 milljarð króna frá árslokum 2015 sem er 4% af heildar eignum
- Skörp hækkun vaxtagjalda af annarri fjármögnun vegna nýrrar skuldabréfaútgáfu bæði innanlands og alþjóðlega










Arion banki – fyrir framtíðina

# HREINAR ÞÓKNANATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## STERKUR ÞÓKNANAGRUNNUR Á FLESTUM SVIÐUM

- Aukning í hreinum þóknanatekjum á 2F skýrist einkum af auknum umsvifum á fjárfestingarbankasviði
- Fjárfesting í vexti Valitor erlendis
- Væntingar eru um vöxt í hreinum þóknanatekjum af kortastarfsemi þegar þessar áætlanir ganga eftir

Skipting á hreinum þóknanatekjum 6M 2016




Hreinar þóknanatekjur




Arion banki
– fyrir framtíðina

# HREINAR FJÁRMUNATEKJUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## SÖLUHAGNAÐUR AF VISA EUROPE HEFUR MIKIL ÁHRIF

- Gengið var frá sölu á Visa Europe til Visa Inc. í lok júní. Söluhagnaður samstæðunnar nam 5,3 milljörðum króna
- Þróun á íslenskum hluta-bréfamarkaði var óhagstæð á 6M 2016. OMXI8 lækkaði um 5,5% á tímabilinu
- Skráð hlutabréf í eigu bankans héldu áfram að lækka á tímabilinu
- Áhrif af tapi af stöðum í hluta- og skuldabréfum jafnast á móti söluhagnaði af Visa Europe
- Þróun myntgengismunar var óhagstæð fyrir bankann á 2F









# REKSTRARKOSTNAÐUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## KJARASAMNINGAR HAFA MIKIL ÁHRIF BÆÐI BEINT OG ÓBEINT

- Aukning í launum og launatengdum gjöldum einkum vegna nýrra kjarasamninga og fjölgunar starfsfólks
- Aðkeypt sérfræðiþjónusta, markaðskostnaður og kostnaður við upplýsingatækni eykst verulega í samanburði við fyrra ár
- Kostnaðarhlutfallið er sveiflukennt einkum vegna stórra einskiptis tekjuliða
- Starfsmönnum heldur áfram að fjölga í Valitor en einnig í bankanum tengt nýju útibúi á Keflavíkurflugvelli










Arion banki – fyrir framtíðina



* Kostnaðarhlutfall (Laun og launatengd gjöld og annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjum)

# EFNAHAGSREIKNINGUR



# EFNAHAGSREIKNINGUR

Fjárhæðir í milljörðum króna

## ÁFRAMHALDANDI AUKNING Í ÚTLÁNUM

- Sterk lausafjárstaða
- Útlán til viðskiptavina aukast um 33 milljarða króna eða 4,9% frá árslokum 2015
- Eignarhlutur í hlutdeildar-félögum lækkar í kjölfar sölu á eignarhlut í Bakkavor Group Ltd.
- Innlán lækka í kjölfar samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf.
- Lántaka eykst vegna samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf. og nýrrar útgáfu á tímabilinu
- Mjög sterk eiginfjárstaða

| **Eignir** | **30.06.2016** | **31.03.2016** | **2015** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|---|---|---|
| Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands | 77 | 70 | 48 | 21 | 38 |
| Útlán til lánastofnana | 86 | 92 | 87 | 109 | 102 |
| Útlán til viðskiptavina | 713 | 694 | 680 | 648 | 636 |
| Verðbréfaeign | 121 | 133 | 133 | 102 | 87 |
| Fjárfestingareignir | 6 | 6 | 8 | 7 | 29 |
| Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum | 1 | 1 | 27 | 22 | 18 |
| Aðrar eignir | 31 | 33 | 27 | 26 | 30 |
| **Eignir samtals** | **1.035** | **1.029** | **1.011** | **934** | **939** |
| | | | | | |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | |
| Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands | 8 | 11 | 11 | 23 | 28 |
| Innlán frá viðskiptavinum | 423 | 433 | 469 | 455 | 472 |
| Aðrar skuldir | 56 | 59 | 62 | 61 | 58 |
| Lántaka | 330 | 311 | 256 | 201 | 205 |
| Víkjandi skuldir | 10 | 10 | 10 | 32 | 32 |
| Eigið fé | 199 | 195 | 193 | 161 | 140 |
| Hlutdeild minnihluta | 10 | 10 | 9 | 2 | 5 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **1.035** | **1.029** | **1.011** | **934** | **939** |

Arion banki – fyrir framtíðina

# LÁN TIL VIÐSKIPTAVINA

Fjárhæðir í milljörðum króna

## VEL DREIFT LÁNASAFN – VANDRÆÐALÁN HALDA ÁFRAM AÐ LÆKKA

- Áfram gott jafnvægi milli lána til fyrirtækja og einstaklinga
- Aukning í útlánum til viðskiptavina einkum til fyrirtækja í iðnaði, orkuvinnslu og framleiðslu og heildsölu og smásölu
- Mikil eftirspurn eftir nýjum fyrirtækjalánum en samkeppni á íbúðalánamarkaði er hörð eftir innkomu lífeyrissjóða á markaðinn
- Góð dreifing útlána til fyrirtækja eftir atvinnugreinum
- Hlutfall vandræðalána heldur áfram að lækka og er komið undir 2%









# FJÁRMÖGNUN

Fjárhæðir í milljörðum króna

## GOTT JAFNVÆGI Í FJÁRMÖGNUN

- Í janúar var gert samkomulag við Kaupþing ehf. um fjármögnun þar sem innstæðum í erlendum gjaldmiðlum hjá Arion banka og lánum í erlendri mynt hjá Seðlabanka var breytt í 7 ára EMTN skuldabréf í USD. Heildar fjárhæðin var 748 millj. USD en 252 millj. USD voru fyrirframgreiddar í apríl
- Í apríl gaf bankinn út nýtt 3ja ára skuldabréf að fjárhæð 300 millj. evra, um 42 milljarðar króna
- Bankinn gaf út sértryggð skuldabréf að fjárhæð 15,3 milljarðar króna á tímabilinu









# SJÓÐSTREYMI

Fjárhæðir í milljörðum króna

## AUKNING Í ÚTLÁNUM FJÁRMÖGNUÐ MEÐ NÝRRI LÁNTÖKU TIL LANGS TÍMA

- Aukningu í handbæru fé má að mestu leyti rekja til sölunnar á Bakkavor Group Ltd. að fjárhæð 27 milljarðar sem er meðal fjárfestingarhreyfinga
- Miklar breytingar án sjóðstreymisáhrifa vegna samnings um fjármögnun við Kaupþing ehf.



# EIGIÐ FÉ

Fjárhæðir í milljörðum króna

## STERK EIGINFJÁRSTAÐA

- Engin arðgreiðsla fyrirhuguð á árinu 2016
- Sterk eiginfjárstaða vegna góðrar arðsemi á undanförnum árum
- Bankinn notar staðlaða aðferð við útreikning á áhættuvegnum eignum
- Áhættuvegnar eignir lækka vegna lækkunar á láns-loforðum og lægri gjaldeyris-ójafnaðar










Arion banki – fyrir framtíðina



# HORFUR OG KENNITÖLUR

Arion banki

# HORFUR

- Spennandi tímar framundan í góðu og vaxandi efnahagsumhverfi
- Afnám fjármagnshafta mun skapa ný tækifæri og bankinn sér ekki fram á verulegar breytingar á efnahag við afléttingu haftanna
- Arion banki er í sterkri stöðu því lausafjárstaða hans er góð
  - Mikil eftirspurn er eftir lánsfé til fyrirtækja og útlán meiri í ár en á sama tíma í fyrra
  - Bankinn leggur áherslu á að mæta þörfum viðskiptavina sinna til vaxtar, bæði innanlands og erlendis
  - Aukin samkeppni er á markaði fyrir íbúðalán í kjölfar stóraukinna umsvifa lífeyrissjóða, sem lækkar hlutdeild einstaklingslána í lánasafni bankans
- Markvisst unnið að aukinni fjölbreytni í fjármögnun bankans og mun áfram verða haldið á þeirri braut
- Gert er ráð fyrir bættu lánshæfismati í tengslum við bætt lánshæfi ríkissjóðs sem fjölgar alþjóðlegum fjármögnunarmöguleikum bankans
- Sterk eiginfjárstaða gerir Arion banka vel undirbúinn til að takast á við framtíðaráskoranir
- Bankinn leggur aukna áherslu á stafræna framtíð með markmið um auknar tekjur og lækkun rekstrarkostnaðar að leiðarljósi
- Í ljósi áframhaldandi jákvæðrar þróunar íslensks efnahagslífs meta nú Arion banki og Kaupþing, sem er meirihlutaeigandi Arion banka, þá möguleika sem fyrir hendi eru varðandi eignarhlut Kaupþings í bankanum
  - Almennt hlutafjárútboð er meðal þeirra kosta sem verið er að skoða, en rétt er að taka fram að engin ákvörðun hefur verið tekin varðandi framkvæmdina, tiltekin viðskipti eða tímasetningu

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Vandræðalán* (%)




Hlutfall lána á móti innlánum (%)
Án lána sem fjármögnuð eru með sértryggðum skuldabréfum




Hlutfall eiginfjárþáttar A (%)




Lausafjárhlutfall (LCR) (%)




Heildar niðurfærð lán / Heildar lán (%)




* Vandræðalán (lán í yfir 90 daga vanskilum en ekki niðurfærð + lán með sértækri niðurfærslu) sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina



Arion banki – fyrir framtíðina

# HELSTU KENNITÖLUR

Arðsemi eiginfjár (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Vaxtamunur (%)




Verðtryggingarjöfnuður (ma.kr.)




Gjaldeyrisójöfnuður (ma.kr.)




Áhættuvegnar eignir / heildareignir (%)



# ÞRÓUN LYKIL MÆLIKVARÐA

**Fjárhæðir í milljörðum króna**















Arion banki – fyrir framtíðina



Arion banki

# Fyrirvari

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.